

# MENNTA- OG MENNINGAR- MÁLARÁÐUNEYTI

## ÁRSRIT 2017





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2018  
Ábyrgðarmaður: Ásta Magnúsdóttir  
Umsjón: Krístrún Heiða Hauksdóttir og Þorgeir Ólafsson  
Umbrot: Eyjólfur Jónsson  
ISSN: 2298-7983  
Prentun: Leturprent  
Myndir: Hari, pexels.com

Aðrar myndir eru teknar af starfsmönnum mennta- og menningarmálaráðuneytis





## Efni

Inngangur	4
Stefnumótun og þróun	5
Lög og reglugerðir	11
Samskipti við stofnanir, eftirlit, mat og fleira	13
Ýmis verkefni	23
Starfsemi ráðuneytisins, starfsmannamál og fleira	27

# Inngangur

Hlutverk þessa ársrits er að bregða ljósi á helstu verkefni og vörður í starfsemi mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2017. Innan ráðuneytisins eru unnið að afar fjölbreyttum verkefnum og er hér aðeins gerð grein fyrir þeim sem lokið er eða tilteknum áföngum náð.

Árið 2017 litaðist nokkuð af breytingaferli vegna nýrrar löggjafar um opinber fjármál. Breytingar þær snerta nær alla starfsemi ráðuneytisins og undirstofnanir þess og kalla á nýtt verklag í mörgum stórum verkefnum. Ánægjulegt er hversu vel sú vinna fór af stað og væntum við þess að sjá fljótt ávinning hennar, m.a. í betri yfirsýn, skýrleika og bættum árangursmælingum.

Í kjölfar breytinga sem gerðar voru á skipulagi og starfsemi ráðuneytisins árið áður hefur stefnumótunar- og eftirlitshlutverk þess eflst.

Árið var um margt sérstakt í mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem þrír ráðherrar störfuðu með okkur á því tímabili. Lykilverkefni ráðuneytisins eru þó ávallt í föstum skorðum. Viðamikil verkefni ársins á sviði menntamála tengdust m.a. menntastefnunni Menntun fyrir alla, breytingum á samræmdum könnunarprófum, nýjum námsmatskvarða fyrir grunnskóla og nýrri máltækniáætlun. Á sviði menningar-, æskulýðs- og íþróttamála var m.a. unnið að nýrri bókmenningsstefnu og markmiðasetningu frístundastarfs auk þess sem Ísland tók þátt í menningarhátíðinni Nordic Matters í London.

Vonandi gefur rit þetta nokkuð góða mynd af því fjölbreytta starfi sem samstilltur og góður hópur starfsmanna ráðuneytisins innti af hendi á liðnu ári.

Ásta Magnúsdóttir  
ráðuneytistjóri



# Stefnumótun og þróun

## Áfangar í menntamálum 2017

### Nýr námsmatskvarði

Grunnskólar luku innleiðingu á námsmatskvarða A-D við lok 10. bekkjar vorið 2017. Kvarðinn var notaður í fyrsta skipti við útskrift nemenda úr grunnskóla árið á undan. Ráðuneytið veitti grunnskólum undanþáguheimild til og með vori 2017 frá því að birta vitnisburð í bókstöfum A-D í þeim tilvikum þegar nemendur stunduðu ekki nám á tilteknum námssviðum skólaárið 2015/2016. Var þetta gert til að veita grunnskólum enn frekara svigrúm til að innleiða nýjan námsmatskvarða.

Það er mat ráðuneytisins að vel hafi tekist til með innleiðinguna, bæði gagnvart útskrift nemanda úr grunnskólum og innritun í framhaldsskóla og væntir ráðuneytið góðrar samvinnu við grunnskóla og sveitarfélög um lok innleiðingar á nýjum námsmatskvarða í bókstöfum.

### Menntun án aðgreiningar

Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir gerði úttekt á Íslandi og náði hún til leik-, grunn-, og framhaldsskólastiga. Viðfangsefni úttektarinnar var hvernig til hefði tekist við innleiðingu hugmyndafræðinnar um menntun fyrir alla (áður menntun án aðgreiningar). Aldrei hefur áður verið gerð jafn heildstæð úttekt sameiginlega fyrir þessu þrjú skólastig.





Úttektin náði til allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins, þ.e. til nemenda og fjölskyldna þeirra, starfsfólks skóla, skólaþjónustu og stoðþjónustu hvers konar, rekstraraðila skóla, samtaka kennara, kennaramenntunarstofnana og ráðuneyta.

Markmið úttektarinnar var að styðja við ákvarðanatöku um innleiðingu og framkvæmd stefnunnar um menntun fyrir alla með sannreyndri þekkingu og stuðla jafnframt að viðtæku sjálfsmati innan menntakerfisins auk þess að styðja við langtímaþróun menntastefnu á Íslandi.

Í úttektinni koma fram athyglisverðar niðurstöður, t.d. að núverandi löggjöf og stefnumótun fræðsluyfirvalda felur í sér stuðning við markmið og áherslur skólakerfis án aðgreiningar og eru í samræmi við alþjóðlega sáttmála og samninga sem Íslendingar hafa undirgengist. Samstaða er um þessi markmið og áherslur meðal þeirra sem sinna menntamálum og á öllum stigum skólakerfisins en þörf á skýrari leiðsögn um hvernig standa ber að því að hrinda stefnunni í framkvæmd. Af öðrum niðurstöðum má nefna að nokkuð er um að mismunandi skilningur sé lagður í hugtakið menntun fyrir alla. Þá kemur fram að flestir þeirra sem sinna menntamálum, á hvaða skólastigi sem þeir starfa, telja núverandi tilhögun fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár hvorki taka mið af jafnræðissjónarmiðum né hugmyndum um skilvirkni og styðji ekki við skóla án aðgreiningar. Einnig talar margt starfsfólk skóla um ófullnægjandi stuðning með menntun fyrir alla að leiðarljósi. Auk þess efast margir starfsmenn skóla um að grunnmenntun þeirra og/eða tækifæri til faglegrar starfsþróunar nýtist sem skyldi til undirbúnings fyrir skólastarf án aðgreiningar.

Í kjölfar þessa var stofnaður stýrihópur til þess að fara ítarlega yfir tillögur í úttektarskýrslunni og útbúa raunhæfa aðgerðaáætlun til lengri og skemmri tíma til að festa í sessi farsæla framkvæmd menntunar fyrir alla hér á landi. Í stýrihópnum sátu á árinu 2017 Ragnheiður Bóasdóttir og Guðni Olgeirsson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Þór G. Þórarinnsson og Elsa

B. Friðfinnsdóttir frá velferðarráðuneyti, Svandís Ingimundardóttir frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Aðalheiður Steingrímsdóttir frá Kennarasambandi Íslands, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir frá Skólameistarafélagi Íslands og Ólafur Páll Jónsson frá samtökunum Heimili og skóli. Stýrihópurinn er skipaður til ársloka 2019. Skýrslan var gefin út á íslensku í lok október og var send öllum helstu hagsmunaaðilum.

Stýrihópurinn skilaði inn fyrstu tillögum sínum til mennta- og menningarmálaráðherra í ágúst 2017. Um svipað leyti var haldið fjölsótt málþing um framkvæmd stefnunnar. Í september 2017 var ráðinn starfsmaður stýrihópsins í hálf t starf og því gegnir Ragnar S. Þorsteinsson. Hann fór á ýmsan vettvang á haustmánuðum til að kynna og ræða niðurstöður úttektarinnar.



## Máltækni-verkefnið

Í janúar 2017 skipaði stýrihópur íslenskrar máltækni starfshóp til að gera skýrslu um stöðu og framtíð menntunar á sviði máltækni. Skýrsla starfshópsins kom út í júní og er þar fjallað um almenn námskeið í háskólunum sem tengja mætti við máltækni eða máltækni-verkefni; högun meistaranáms í máltækni og verkefni innan þess; lokaverkefni á meistarastigi sem tengjast máltækni; og doktorsnám sem tengist máltækni en gæti verið á ýmsum sviðum. Megin tillaga hópsins er að þverfaglegt meistaranám í máltækni í samvinnu Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík haldi áfram og verði endurskipulagt og eftt með þátttöku fleiri deilda innan skólanna en verið hefur. Tekið verði inn í námið á hverju ári frá hausti 2018. Forsenda fyrir framhaldi og eflingu námsins er sú að hvor skóli um sig fái 10 m.kr. viðbótarfjárveitingu á ári, tímabundna til fimm ára.

Í júní 2017 var sett fram aðgerðaáætlun um máltækni fyrir íslensku á árunum 2018–2022. Markmið hennar er að hægt verði að nota íslensku í öllum tækjabúnaði og í hugbúnaði stærstu tæknifyrirtækja heims. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kom fram að aðgerðaáætlunin yrði fjármögnuð að fullu á kjörtímabilinu. Í frumvarpi til fjárlaga 2018 hafa framlög til verkefnisins verið hækkuð um 450 milljón króna frá frumvarpi fráfarandi ríkisstjórnar og því ljóst að fyrsta skref er tekið í áttina að því að íslenskan verði hluti af stafrænum heimi framtíðarinnar.

Lögð er áhersla á þrjá meginþætti í verkefninu:

- Uppbyggingu innviða, þ.e.a.s. gagnasafna um tungumálið, s.s. stór textasöfn, hljóðupp-tökur og orðasöfn.
- Nýsköpun í máltækni – nýjar lausnir á þörfum samfélagsins í máltækni og nauðsynleg verkfæri í samstarfi við sprotafyrirtæki.
- Samstarf og klasamyndun – alþjóðlegt samstarf, einnig við stofnanir og háskóla.







## Vísinda- og tækniráð samþykkir stefnu og aðgerðaáætlun til þriggja ára

Vísinda- og tækniráð samþykkti stefnu og aðgerðaáætlun árána 2017 til 2019 á fundi sínum í júní. Stefnan er í fimm köflum og inniheldur tíu aðgerðir með tilgreindum ábyrgðaraðila.

Þær miða að því að auka afköst rannsókn- og nýsköpunarkerfisins með markvissri og vel grundaðri ákvarðanatöku og skilvirkni nýtingu fjármagns. Stefnan er unnin samhliða stefnu þeirri sem birtist í fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2018–2022. Í ávarpi formanns ráðsins Kristjáns Þórs Júlíussonar mennta- og menningarmálaráðherra kom fram að samstarf ráðuneytisins við starfsnefndir ráðsins, vísindanefnd og tækninefnd, sem unnu stefnuna hefur verið mikið og gott og sú reynsla og þekking sem býr í nefndunum hefur reynst afar mikilvæg. Þá hefur samstarf mennta- og menningarmálaráðuneytis við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um stefnumótunina verið veigamikið og farsælt og gott samstarf hefur verið við önnur ráðuneyti sem að vinnunni hafa komið.

Fyrsta aðgerðin sem sett verður af stað á grundvelli stefnunnar er að auglýst verður eftir styrkjum í markáætlun um tungu og tækni. Gert er ráð fyrir að fylgja stefnunni eftir með reglulegum stöðuskýrslum. Ráðherra lagði jafnframt áherslu á jöfn tækifæri kvenna og karla í rannsóknum og nýsköpun og að ekki gæti kynjahalla í fjármögnun rannsókna. Ráðherra nefndi einnig að hann muni setja af stað endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, með það að markmiði að styrkja stöðu landsins á þessu sviði í alþjóðlegu umhverfi. Þar verður m.a. verði horft til umbóta á samþætilegum kerfum sem gerðar hafa verið í nágrennaríkjum á undanförunum árum.







## Tvær skýrslur um vöktun og rannsóknarinnviði

Skýrslurnar voru unnar fyrir Vísinda- og tækniráð af verkefnahópi um rannsóknarinnviði og vöktun sem stýrt var af mennta- og menningarmálaráðuneytinu í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Vorið 2014 fól Vísinda- og tækniráð ráðuneytinu að stofna verkefnahóp um rannsóknarinnviði og vöktun. Var hópnum ætlað að fjalla um rannsóknarinnviði og kortleggja opinber vöktunarverkefni og að leggja fram tillögur um a) hvernig forgangsraða megi vöktunarverkefnum, b) hvernig stuðla megi að því að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar um vöktun, c) hvort unnt sé að auka hagkvæmni í fyrirkomulagi vöktunar og d) hvernig tryggja megi fjármagn til langtímaverkefna á sviði vöktunar.

Niðurstöður vinnunnar eru tvær skýrslur:

### Vöktun á Íslandi; kortlagning og framtíðarsýn .

Í skýrslunni er hugtakið „vöktun“ skilgreint sem „reglubundnar mælingar eða athuganir í þeim tilgangi að skrásetja breytingar yfir lengri tímabil. Þær eru hannaðar til að gefa upplýsingar um viðfang mælinganna þannig að unnt sé að meta ástand viðfangsins í nútíð og fortíð og í vissum tilfellum, segja fyrir um líklegt ástand þess í framtíðinni“. Í skýrslunni er vöktun á sviði samfélags, atvinnuvega, menningar, lista, heilsu, auðlinda, náttúru og umhverfi kortlögð og byggist kortlagningin á könnun sem send var til um 50 stofnana.

Hópurinn leggur fram fimm tillögur til úrbóta á umgjörð vöktunarmála hérlendis. Tillögurnar eru byggðar á greiningu hópsins á svörum stofnana, umgjörð vöktunar í nágrenna löndunum og lagaumhverfinu hérlendis. Tillögurnar fimm eru eftirfarandi:

1. Mat á vöktunarverkefnum verði unnið með reglubundum hætti.
2. Betri greining fari fram á fjárfestingu í vöktun.
3. Viðmið til forgangsroðunar verði skilgreind.
4. Unnin verði stefna um opinn aðgang að opinberum gögnum.
5. Raunhæft kostnaðarmat liggja fyrir vegna nýrra vöktunarverkefna og vöktunar í tengslum við alþjóðlega samninga og fjármögnun verði tryggð eftir fremsta megni.

### Uppbygging rannsóknarinnviða á Íslandi til framtíðar



Til rannsóknarinnviða teljast: sérhæfður tækjabúnaður (eða tækjasamstæður), skjala- og gagnasöfn, rafrænir innviðir (s.s. háhraðatengingar), samskiptanet og önnur tæki sem geta talist ómissandi og nauðsynleg til að ná árangri í rannsóknum og nýsköpun. Á síðustu árum hefur verið mikil áhersla á uppbyggingu rannsóknarinnviða í nágrennlöndum Íslands. Flest ríki Evrópu hafa mótað sér sérstaka stefnu um uppbyggingu og aukna fjárfestingu í rannsóknarinnviðum. Víða er litið á slíka stefnu sem mikilvægan hluta af því að efla þekkingarstarfsemi í landinu, bæði í opinberum stofnunum, háskólum og hjá fyrir-

tækjum í nýsköpun. Litið er til þess hvernig uppbygging á rannsóknarinnviðum getur stutt við þau markmið að efla þjónustu við stofnanir og fyrirtæki, skapa störf í þekkingariðnaði og laða að vel menntað og hæft starfsfólk. Einnig er horft til þess með hvaða hætti rannsóknarinnviðir geta eflt færni til að takast á við samfélagslegar áskoranir eins og umhverfisbreytingar eða áskoranir í heilbrigðismálum.

Í skýrslunni er lagt til að hugað verði betur að stefnumótun um rannsóknarinnviði hér á landi til framtíðar. Tillögur verkefnahópsins eru fjórar:

1. Unnin verði stefna um rannsóknarinnviði til 5–10 ára.
2. Gerður verði vegvísir um rannsóknarinnviði á Íslandi á grundvelli stefnu um rannsóknarinnviði. Gerðar verði breytingar á lögum nr. 3/2003 um opinberar vísindarannsóknir til að unnt verði að vinna slíkan vegvísi
3. Unnið verði áfram að því að efla Innviðasjóð.
4. Leitað verði leiða til að tryggja gagnsæja og stefnumiðaða fjármögnun aðildar- og þátt-tökugjalda í alþjóðlegum rannsóknarinnviðum.



# Lög og reglugerðir

## Lög samþykkt á Alþingi árið 2017 á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis

Lög um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992 (lánshæfi aðfaranáms).

## Reglugerðir gefnar út árið 2017

- Reglugerð nr. 1040/2017 um störf örnefnanevndar.
- Reglugerð nr. 1002/2017 um breytingu á reglugerð um Launasjóð stórskákmeistara í skák, nr. 600/2011.
- Reglugerð nr. 838/2017 um breytingu á reglugerð um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði til sjálfstætt starfandi rekinna grunnskóla, nr. 1270/2016.
- Reglugerð nr. 559/2017 um breytingu á reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009.
- Reglugerð nr. 451/2017 um breytingu á reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, nr. 872/2009.
- Reglugerð nr. 260/2017 um starfstíma framhaldsskóla.
- Reglugerð nr. 173/2017 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla.



## Þingmál mennta- og menningarmálaráðherra

	Þingmálaskrá	Afgreidd lög
132. löggjafarþing	13	7
133. löggjafarþing	15	8
134. löggjafarþing	9	0
135. löggjafarþing	19	8
136. löggjafarþing	14	1
137. löggjafarþing	2	4
138. löggjafarþing	9	6
139. löggjafarþing	16	9
140. löggjafarþing	19	10
141. löggjafarþing	14	9
142. löggjafarþing	1	1
143. löggjafarþing	9	4
144. löggjafarþing	13	4
145. löggjafarþing	14	8
146. löggjafarþing	6	1

### Fyrirspurnir til mennta- og menningarmálaráðherra á Alþingi

Á 146. löggjafarþingi 2016–2017 svöruðu mennta- og menningarmálaráðherrar 37 skriflegum fyrirspurnum og 11 munnlegum fyrirspurnum. Að vanda var mest spurt um menntamál en einnig um málefni fjölmiðla, starfsemi og rekstur ráðuneytisins og um menningarmál.



# Samskipti við stofnanir, eftirlit, mat og fleira

## Ný reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskólum

Frá hausti 2016 hefur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis verið unnið að breytingum á reglugerð nr. 435/2009 um framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla til að ná utan um þær ákvarðanir sem hafa verið teknar í samræmi við lagabreytingar á grunnskólalögum samhliða lögum um Menntamálastofnun. Reglugerðin var unnin af verkefnahópi með fulltrúum úr ráðuneytinu og Menntamálastofnun. Drög að reglugerðinni voru sett í opið samráð á netinu í lok árs 2016 og komu ýmsar ábendingar og athugasemdir frá hagsmunaaðilum en almenn sátt virðist vera meðal allra aðila um reglugerðina. Vakin er athygli á því að ekki er verið að breyta hlutverki samræmdra könnunarprófa í grunnskólum.

Helstu breytingar frá gildandi reglugerð eru eftirfarandi.

- Samræmd könnunarpróf eiga að vera einstaklingsmiðuð, þ.e. laga sig að getu nemandans miðað við frammistöðu hans á prófinu.
- Heimilt er að leggja prófin fyrir með rafrænum hætti og nýta rafrænt prófakerfi til að



halda utan um prófatriði og upplýsingar um þau, prófabanka, próffyrirlagnir og próf-úrlausnir.

- Í stað samræmdra könnunarprófa að hausti í 10. bekk er ákvæði um samræmd könnunarpróf að vori í 9. bekk grunnskóla.
- Heildareinkunnir skulu gefnar í bókstöfunum A, B+, B, C+, C og D í samræmi við matsviðmið aðalnámskrár grunnskóla.
- Heimild skólustjóra grunnskóla til að veita nemendum undanþágu er þrengd, í ljósi þess að um einstaklingsmiðuð próf er að ræða.
- Menntamálastofnun er ekki skylt að birta prófatriði samræmdra könnunarprófa hverju sinni enda gert ráð fyrir að hægt sé að endurnýta þau við að þróa prófabanka fyrir einstaklingsmiðuð samræmd könnunarpróf.
- Í stað birtingar prófatriða skal Menntamálastofnun birta opinberlega dæmi um prófatriði úr öllum námsgreinum og námsþáttum ásamt lýsingu á þeirri hæfni sem metin er.
- Sett eru nauðsynleg ákvæði um persónuvernd vegna vinnslu gagna og meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga.
- Nýtt ákvæði er um skipan ráðuneytis á þriggja manna sérfræðingahópi sem m.a. skal fylgjast með framkvæmd og þróun samræmdra könnunarprófa.

Með lögum nr. 91/2015 um Menntamálastofnun var samhliða breytt ákvæðum 39. gr. grunnskólalaga um samræmd könnunarpróf á þann hátt að prófin skyldu haldin í 4. og 7. bekk og á unglíngastigi en ekki er bundið í lögum lengur að próf skuli haldin í 10. bekk grunnskóla. Í kjölfar setningar laga um Menntamálastofnun ákvað ráðherra að fenginni tillögu frá Menntamálastofnun, að breyta fyrirkomulagi lögbundinna samræmdra könnunarprófa í grunnskólum. Í fréttatilkynningu um þessa ákvörðun var tekið fram að samræmd könnunarpróf




verði lögð fyrir með rafrænum hætti frá og með haustinu 2016 og að samræmd könnunarpróf færist til vors í 9. bekk og að nemendur 10. bekk munu þreyta próf vorið 2017 á sama tíma og 9. bekkingar. Með því að gera prófin rafræn gefst kostur á fjölbreyttari leiðum við að prófa markmið skólastarfs, stytta vinnslutíma miðlægra prófa, bjóða upp á sveigjanleika í fyrirlögn, auðvelda stuðningsúrræði fyrir nemendur með sérþarfir og gefa kost á að laga próffyrirlögn að hæfni nemenda. Með því að færa 10. bekkjar könnunarprófið í 9. bekk gefst nemendum, forráðamönnum þeirra og kennurum meira svigrúm til þess að nýta sér niðurstöðurnar til að bregðast við og móta áherslur í námi í 10. bekk. Jafnframt þessum breytingum gerir Menntamálastofnun könnunarprófin hæfnimiðaðri í takt við áherslur í aðalnámskrá grunnskóla frá 2013. Miðað er við að áfram verði tvö könnunarpróf í 4. og 7. bekk, þ.e. í íslensku og stærðfræði. Í 9. bekk verður metin hæfni í íslensku, stærðfræði og ensku.

## Réttur nemenda til kennslu í list- og verkgreinum ekki nægilega virtur

Hagstofa Íslands aflaði upplýsinga frá grunnskólum um kennslustundafjölda í list- og verkgreinum og hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið unnið úr upplýsingunum fyrir skólaárin 2013–2014, 2014–2015 og 2015–2016 til þess að athuga hvort nemendur fái lögbundinn kennslustundafjölda í list- og verkgreinum sem þeim ber samkvæmt lágmarksviðmiðum í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Í viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er viðmiðunarstundum í námsgreinum og námssviðum skipt í þrjú tímabil eða 1.–4. bekk, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk. Til þess að kanna hvort skólar kenna tilskilinn lágmarksfjölda kennslustunda í hverri námsgrein þarf því að skoða heildarfjölda í greininni yfir þessi fjögurra eða þriggja ára tímabil.

Í aðalnámskrá grunnskóla er birt viðmiðunarstundaskrá fyrir helstu námssvið. Undir listgreinar heyra tónmennt, myndmennt og sviðslistir, en undir verkgreinar heyra hönnun, smíði, textílmennt og heimilisfræði. Ekki er gerður greinarmunur á list- og verkgreinum í viðmiðunarstundaskrá og aðeins tilgreint hversu margar kennslumínútur nemendur eiga að fá fyrir allar námsgreinarnar til samans. Skólum er í sjálfsvald sett að dreifa mínútunum innan tímabilsins en að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að tíminn dreifist jafnt milli árganga samkvæmt faglegum sjónarmiðum. Í 1.–4. bekk eiga nemendur að fá samtals 900 mínútur á viku, í 5.–7.

## Hlutfall skóla undir viðmiðunarstundarskrá fyrir list- og verkgreinar eftir búsetu, skólaárið 2015–2016



bekk eiga að vera 840 kennslumínútur og í 8.–10. bekk eiga að vera 340 kennslumínútur. Tími sem er ætlaður fyrir valgreinar er tilgreindur sérstaklega og eiga nemendur í 1.–4. bekk að fá samtals 300 mínútur á viku í valgreinar, í 5.–7. bekk 160 kennslumínútur og í 8.–10. bekk skal verja 1330 kennslumínútum í valgreinar. Skólar skila inn skýrslu til Hagstofu Íslands um hvernig kennslumínútum er ráðstafað milli námssviða og árganga. Þeir útreikningar sem hér birtast byggja á skýrslum fyrir þrjú skólaár, 2013–2014, 2014–2015 og 2015–2016. Þess var gætt að undanskilja þá skóla sem ekki kenna í viðkomandi árgöngum. Niðurstöður eru þær að meðaltal kennslumínútna á viku í 1.–4. bekk er 852 mínútur, reiknað saman fyrir öll þrjú skólaárin, sem er 48 mínútum undir lágmarksviðmiði aðalnámskrár. Í 5.–7. bekk er meðaltalið 678 mínútur sem eru 162 mínútum undir viðmiði og í 8.–10. bekk er meðaltalið 235 mínútur sem eru 105 mínútum undir lágmarksviðmiði.

### **Viðkvæm álitæfni í skólastarfi**

Tvær handbækur um meðferð og umfjöllun viðkvæmra álitæfna í skólum voru þýddar á íslensku fyrir tilstuðlan styrks frá norrænu ráðherranefndinni vegna þátttöku Íslands í norrænu samstarfsverkefni um lýðræði, þátttöku og öryggi og velferð nemenda. Bækurnar hafa að geyma leiðbeiningar um hvernig kenna má og fjalla um viðkvæm álitamál í skólastarfi.

Efnið verður síðan innleitt og kynnt af hópi kennara sem vann að þýðingunni. Bækurnar eru einkum ætlaðar kennurum og skólastjórnendum og verða hýstar á vef Menntamálastofnunar.

## **Menntamálastofnun**

### **Kynningarfundir**

Menntamálastofnun hélt kynningarfundir um samræmd könnunarpróf á rafrænu formi í 9. og 10. bekk vorið 2017. Fundirnir voru ætlaðir fræðslustjórum, skólastjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skóla sem kemur að framkvæmd prófanna. Kynnt var rafræn fyrirlögn á samræmdum könnunarprófum og þær breytingar sem gerðar voru á samræmdum könnunarprófum vorið 2017. Fjöldi nemenda sem nýtir sér stuðningsúrræði á samræmdum könnunarprófum hefur aukist undanfarin ár en í 2017 fyrirlögn voru um 30% nemenda með stuðningsúrræði. Árið 2011 var hlutfallið 19,4%.



### **PISA og læsi**

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Menntamálastofnun efndu til fundaraðar um niðurstöður PISA 2015. Menntamálastofnun veitir sveitarfélögum og skólum stuðning, fræðslu og ráðgjöf er varðar læsi í leik- og grunnskólum landsins. Læsisverkefnið er

hluti af aðgerðum í framhaldi af Hvítbók mennta- og menningarmálaráðuneytis um umbætur í menntamálum og Þjóðarsáttmála um læsi. Ráðgjöfinni er ætlað að styðja kennara, foreldra, skólastjórnendur og sveitarstjórnir um allt land við eflingu læsis barna á aldrinum 2–16 ára. Áherslur skólaársins 2017–18 verða m.a. á eflingu málþroska, íslensku sem annað tungumál, fræðslu fyrir foreldra og að rýna í töluleg gögn og nýta þau til umbóta með gerð aðgerðaáætlaða varðandi læsi.

Menntamálastofnun stóð fyrir málþingi um námsgögn föstu-daginn 1. desember var þar fjallað um námsgögn, tengsl þeirra við kennsluhætti og þróun námsefnis framtíðar. Þingið markaði upphaf stefnumótunar um námsgögn og útgáfu Menntamála-stofnunar til ársins 2023. Jafnframt var þess minnst að í apríl sl. voru liðin 80 ár frá stofnun Ríkisútgáfu námsbóka og myndir og námsbækur frá liðnum árum voru til sýnis.



## Niðurstöður Lesfimiprófa

Fyrsta heila skólaári læsisverkefnisins, Þjóðarsáttmála um læsi, lauk vorið 2017. Þjóðarsáttmálinn var undirritaður af fulltrúum allra sveitarfélaga á landinu, formanni Heimilis og skóla og menntamálaráðherra. Var Menntamálastofnun falin framkvæmd verkefnisins fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Haustið 2015 var hafist handa við að búa til mælitæki til að meta lestrarkunnáttu og framvindu nemenda í lesfimi, lesskilningi, orðaforða, stafsetningu og ritun og til að skima fyrir lestrarerfiðleikum. Yfirheiti yfir öll þessi próf er Lesferill. Fyrsta útgáfa af lesfimiprófunum var lögð fyrir haustið 2016 en þau mæla lestrarhraða og nákvæmni. Lesfimiprófin eru hönnuð þannig að almennir kennarar leggja þau fyrir nemendur þrisvar sinnum yfir skólaárið, þ.e. í september, janúar og maí. Tvær prófútgáfur voru gerðar fyrir hvern bekk grunnskóla og er sama útgáfan lögð fyrir að hausti og vori en önnur útgáfa í janúar. Full stöðlun á prófum sem þessum tekur nokkur ár og byggir á gögnum úr fyrirlögn þeirra.



Lesfimiviðmið um fjölda rétt lesinna orða á mínútu fyrir alla bekkir voru birt á Degi Íslenskrar tungu 16. nóvember 2016. Viðmiðin tilgreina hvað eðlilegt væri að 90% nemenda ættu að lágmarki að ná að lesa mörg rétt orð við lok skólaárs, hverju gera má ráð fyrir að helmingur nemenda nái og loks er skilgreind lesfimi sem sá fjórðungur sem best stendur í lestri ætti að ná.

Þátttaka í lesfimiprófunum var afar góð en 75% nemenda í 1.-10. bekk tóku þátt í prófunum í maí. Mest þátttaka var í 3. bekk eða 83% en minnst í 10. bekk þar sem 54% nemenda tóku þátt. Um haustið var mest þátttaka í 2. til 5. bekk eða 89% en minnst í 1. bekk þar sem 27% nemenda tóku þátt. Líkleg skýring á minni þátttöku í 1. bekk er að nemendur sem komnir eru af stað í lestri fari í prófið frekar en þeir sem ekki eru farnir að lesa.

Hér má sjá niðurstöður úr lesfimiprófum vorsins 2017. Reiknað var út hlutfall nemenda í hverjum bekk sem náðu 90%, 50% og 25% viðmiðunum.

## Hlutfall nemenda sem uppfyllir lesfimiviðmið í lok maí 2017

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Viðmið 1 (90 %)	89%	82%	83%	72%	67%	70%	72%	71%	71%	68%
Viðmið 2 (50 %)	35%	39%	40%	49%	34%	27%	24%	21%	29%	32%
Viðmið 3 (25 %)	16%	23%	22%	25%	16%	13%	8%	5%	11%	13%



Menntamálastofnun hefur lagt áherslu á að kennarar fái aðgengileg og nothæf vinnugögn í kjölfar prófanna. Þegar prófinu er lokið slá kennarar inn niðurstöður lesfímiprófs í Skólagátt, gagnagrunn Menntamálastofnunar, og þá fá þeir aðgang að niðurstöðum bæði sem töflu og súluriti þar sem fram koma staða og framfarir nemenda yfir skólaárið. Skólastjórnendur fá yfirlit yfir alla bekki skólans. Kennarar og skólastjórnendur geta þannig séð stöðu og framfarir nemenda þrisvar sinnum yfir skólaárið. Með því að byggja á ítarlegum upplýsingum um stöðu bekkja og hvers nemanda geta skólastjórnendur, kennarar og skólar mótað áherslur í lestrarkennslu og komið betur til móts við við þarfir nemenda.

## Háskólar

### Háskólinn á Akureyri býður upp á doktorsnám

Háskólinn á Akureyri hefur fengið heimild til að bjóða upp á doktorsnám við skólann. Rúm tvö ár eru síðan skólastjórnendur sóttu formlega um heimild til að gerast vottaður háskóli til

doktorsnáms. Síðan hefur stjórnsýsluleg og fræðileg geta skólans verið ítarlega metin af erlendum fagaðilum. Niðurstaðan er sú að skólinn sé hæfur til að bjóða upp á doktorsnám á fræðasviðum heilbrigðisvísinda, hug- og félagsvísinda og viðskipta- og raunvísinda. Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra undirritaði heimild þess efnis. Ljóst er að doktorsnám við Háskólann á Akureyri mun hafa víðtæk áhrif og styrkja rannsóknarstarf skólans. Til dæmis auki það aðgengi að alþjóðlegum rannsóknarhópum og sjóðum. Þá er vonast til þess að doktorsnámið styðji við áform Sjúkrahússins á Akureyri að verða háskólasjúkrahús. Áætlað er að fyrstu doktorsnemar hefji nám haustið 2018.



## Framhaldsskólar

### Innritarnir í framhaldsskóla

Alls sóttu 4.012 nemendur um skólavist í framhaldsskólum fyrir haustönn 2017, sem eru rétt tæplega 98,3% allra þeirra sem útskrifuðust úr grunnskóla vorið 2017. Tæplega 88% umsækjenda fengu skólavist í þeim skóla sem þeir völdu sér í fyrsta vali. 10% nemenda fengu skólavist í þeim skóla sem þeir völdu í öðru vali en á haustönn í fyrra var hlutfallið 9%.

82 nemendur, eða um 2% allra umsækjenda, fengu ekki skólavist í þeim skólum sem þeir höfðu óskað eftir. Menntamálastofnun sá um að útvega þeim skólavist í þriðja skóla. Árið 2016 var fjöldi slíkra nemenda 59. Flestar umsóknir fengu Verzlunarskóli Íslands, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Kvennaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Borgarholtsskóli.

Flestir nemendur sóttust eftir því að komast inn á bóknáms-





brautir til stúdentsprófs eða 65% allra þeirra sem sóttu um. Um 12% nemenda innrituðust á verk- eða starfsnámsbrautir og 5% umsækjenda innrituðust á listnámsbrautir. Nærri 18% nemenda innrituðust á almenna námsbraut eða framhaldsskólabraut. Þessar námsbrautir eru einkum ætlaðar þeim sem ekki uppfylla inntökuskilyrði til að komast beint inn á aðrar námsbrautir.

## Nýtt verknámshús Fjölbrautaskóla Suðurlands

Hamar, nýtt verknámshús Fjölbrautaskóla Suðurlands, var formlega vígt í mars. Tækifærum nemenda á Suðurlandi til starfsnáms fjölgar verulega þar sem skólinn getur nú boðið heildstætt nám í greinum þar sem áður var eingöngu aðstaða til að bjóða grunnám, svo sem í vélvirkjun og rafvirkjun. Í Hamri fer fram kennsla í tré-, málm-, raf- og háriðnum. Einnig kennsla í tækniteikun og bóklegum fögum auk námskeiða í tölvuhönnun og sértækum iðnum. Að byggingu hússins komu, auk ríkisins, Sveitarfélagið Árborg, Héraðsnefnd Árnesinga (án Árborgar), Héraðsnefnd Rangæinga og Héraðsnefnd Vestur-Skaftfelinga. Fyrsta skóflustunga að byggingunni var tekin 8. júlí 2015. Nýja viðbyggingin er um 1700 m<sup>2</sup> en alls er húsnæði í Hamri 2.876 m<sup>2</sup>. Kostnaður við byggingu hússins nam 1.272 milljónum króna. Ríkið greiðir 60% en hinir eignaraðilarnir 40%.

# Menningarmál

## Safnkostur Tónlistarsafns Íslands fluttur til Þjóðminjasafns Íslands og Landsbókasafns Íslands

Starfsemi og safnkostur Tónlistarsafns Íslands í Kópavogi voru flutt til Þjóðminjasafns Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á grundvelli samkomulags sem Kópavogsbær, söfnin og mennta- og menningarmálaráðuneytið gerðu með sér. Í samkomulaginu er einnig fjallað um að þróun Ísmús, gagnagrunns um íslenskan tónlistar- og menningararf, verði haldið áfram í samvinnu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Í samræmi við ákvæði safnalaga og stofnskrár Tónlistarsafns Íslands mun Þjóðminjasafn Íslands taka við þeim safnkosti



Tónlistarsafnsins sem ekki er beint tengdur þeim verkefnum safnsins sem flytjast til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Til að tryggja samfellu í starfseminni við þessar breytingar munu starfsmenn Tónlistarsafns Íslands vinna að þeirri yfirfærslu verkefna milli safna sem samkomulagið felur í sér.

## **Nefnd skipuð til að bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla**

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra skipaði nefnd um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla í janúar í framhaldi af umræðu um rekstrarerfiðleika þeirra. Nefndinni var ætlað að gera tillögur um breytingar á lögum og / eða aðrar nauðsynlegar aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi og tryggja að hér á landi fái þrífist fjölbreyttur markaður frjálsra fjölmiðla með með tilliti til mikilvægs hlutverks þeirra fyrir lýðræðisþróun og samfélagsumræðu. Nefndina skipuðu Björgvin Guðmundsson (formaður), Elfa Ýr Gylfadóttir, Hlynur Ingason, Soffía Haraldsdóttir og Svanbjörn Thoroddssen. Skýrsla nefndarinnar var skilað í ársbyrjun 2018.

## **Tillögur um aðgerðir við framkvæmd stefnumótunar Æskulýðsráðs í æskulýðsmálum**

Stefnumótun Æskulýðsráðs var lögð fram um mitt ár 2014 en unnið hafði verið að verkefninu frá árinu 2012. Gildistími stefnumótunarinnar var frá 2014–2018 en Æskulýðsráð fól mennta- og menningarmálaráðuneytinu að undirbúa aðgerðaáætlun í samráði við stýrihóp. Ráðuneytið skipaði fjögurra manna stýrihóp auk varamanna í lok árs 2015. Í honum voru formaður Æskulýðsráðs (Hilmar Freyr Kristinsson), nefndarmaður í Æskulýðsráði (Hermann Sigurðsson), fulltrúi sveitarfélaga (Valur Rafn Halldórsson), fulltrúi Evrópu unga fólksins (Hjörtur Ágústsson) og fulltrúi ráðuneytisins (Valgerður Þórunn Bjarnadóttir). Stýrihópurinn fór yfir öll markmið stefnumótunarinnar og gerði tillögu um aðgerðir þar sem við átti.

## **Skýrsla um varðveislu menningararfleifðar á stafrænu formi**

Aðdragandi verkefnis var þingsályktun (nr. 36/143), samþykkt á Alþingi, 16. maí 2014 um „að fela mennta- og menningarmála ráðherra að setja fram markvissa, heildstæða og metnaðar-



fulla stefnu um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi og leggja drög að því að verkið verði unnið á næstu 10–20 árum eftir því hversu umfangsmikið það verður talið“. Í skýrslunni er leitast við að kortleggja stöðu stafrænnar endurgerðar íslenskrar menningararfleifðar hjá söfnum og menningarstofnunum landsins og skapa þannig grundvöll fyrir stjórnvöld til að taka ákvarðanir um næstu skref. Fram kemur að umtalsverð þekking og reynsla í stafrænni endurgerð hefur byggst upp hér á landi, ekki síst í samstarfi við erlendar systurstofnanir og erlend samvinnuverkefni. Mörg söfn og stofnanir, ekki síst þau minni,

eru þó illa burðug til að sinna þessu verkefni og á það við um bæði skráningu safnefnis og stafræna endurgerð.

Stafræn endurgerð menningarefnis hefur verið í gangi um árabíl og ýmislegt efni aðgengilegt almenningi í gegnum vefi eins og t.d. Tímarit.is, Íslandskort.is og Sarpur.is. Stafræn endurgerð og varðveisla er vandasöm og dýr í framkvæmd og mikilvægt að stuðla að samræmingu og samvinnu til að ná sem bestum árangri og hagkvæmni. Sömuléiðis er skyn-



Samleg forgangs röðun afar mikilvæg því hvorki er talið æskilegt né raunhæft að stefna að því að endurgera alla safneign á stafrænt form. Sérstaklega er talið mikilvægt að setja í forgang verkefni sem snúa að varðveislu og stafrænni endurgerð menningarminja sem eru í hættu. Þetta á ekki síst við hljóð- og myndefni sem er í hættu vegna rýrnunar á gæðum og skemmda eða hætta á að efnið verði óaðgengilegt vegna úreldingar búnaðar og tækja.

## List fyrir alla

Barnamenningarverkefnið List fyrir alla miðar að því að jafna aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum, óháð búsetu og efnahag. Höfuðáhersla er lögð á menningu fyrir börn og menningu með börnum.

Árið 2017 var boðið upp á 14 listviðburði á vegum verkefnisins en alls þáðu 140 skólar boðum slíka, þar af 133 skólar af landsbyggðinni og 7 skólar frá Reykjavíkurborg eða alls 14.438 nemendur.

Á tíu ára grunnskólagöngu öðlast nemendur þannig góða yfirsýn yfir fjölbreytt listform og útfærslur frá mismunandi tímabilum og ólíkum menningarheimum.

Starfandi listamenn sem og stofnanir og aðrir lögaðilar er sinna barnamenningu geta sótt um að vera með í verkefninu. Ekki er um sjóð að ræða sem eftirtaldir aðilar sækja um í heldur er sótt um þátttöku í menningarverkefninu List fyrir alla. Listamenn fá greidd laun fyrir sitt framlag.

## Menningarlandið 2017

Ráðstefnan Menningarlandið hefur verið haldin á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í rúma tvo áratugi. Árið 2017 var viðfangefni ráðstefnunnar barnamenning og mikilvægi menningaruppeldis og um 150 þátttakendur af öllu landinu mættu í menningarhúsið Berg á Dalvík í september til þess að taka þátt. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Byggðastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og Eyþing.

Í ályktun ráðstefnugesta kom fram að þeir fögnuðu sérstaklega aukinni áherslu á barnamenningu og vísað er til Aðgerðaráætlunar barna og ungmenna 2014–2017 þar sem fjallað er um samráðsvettvang menningarstofnana um menningu barna og ungmenna og lagt til að þær myndi með sér formlegan faglegan samráðsvettvang þar sem menning fyrir börn og ungmenni er til umfjöllunar. Ráðstefnugestir fögnuðu þessari tillögu og hvött ráðuneytið til að halda áfram á sömu braut, auka frekar fjármagn til málaflokksins og efla enn frekar tengslanet á milli aðila sem sinna barnamenningarstarfi á landinu öllu.

## Samningur undirritaður um menningarsamstarf Íslands, Færeyja og Grænlands

Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, Rigmor Dam menntamálaráðherra Færeyja og Doris J. Jensen menntamálaráðherra Grænlands undirrituðu í nóvember samstarfssamning milli landanna um menningarmál. Markmiðið með samningnum er að auka og efla samstarf landanna þriggja á sviði menningar og þróa sköpunarkraft og gæði samstarfsins til hagsbóta og ávinnings fyrir öll löndin þrjú. Leitast verður við að efla og auka samstarfið með notkun upplýsingatækni. Löng hefð er fyrir samstarfi Færeyja, Grænlands og Íslands á sviði menningar en fyrsti samstarfssamningurinn á sviði menningar, rannsókna og menntunar var gerður árið 1996.



## Harpa Þórsdóttir skipuð safnstjóri Listasafns Íslands

Harpa Þórsdóttir var skipuð safnstjóri Listasafns Íslands í febrúar. Harpa starfaði við safna- og fornleifafræðideild Bouloqne-sur-Mer borgar og sem verkefnisstjóri í Charente-Maritime héraði til ársins 2002 er hún var ráðin deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Íslands. Harpa hefur verið forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands síðan haustið 2008. Á liðnu ári lauk hún sérhæfðu námi fyrir stjórnendur safna á vegum Getty Leadership Institute í Claremont Graduate University í Kaliforníu. Umsækjendur um embætti safnstjóra Listasafns Íslands voru 20, átta karlar og tólf konur.

## Nordic Matters: Norræn menning í brennidepli í London árið 2017

Norræn menning og listir voru í brennidepli hjá Southbank Centre í London allt árið 2017 og náðu hápunkti með menningarhátíðinni Nordic Matters. Southbank Centre er stærsta menningarmiðstöð Bretlands og hún stendur við hinn lífliga



suðurbakka Thames-árinnar í miðborg London og hana sækja um 5 milljónir gesta ár hvert. Boðið var upp á fjölbreytta norræna menningardagskrá á sviðum byggingarlistar, bókmennta, tónlistar, dans, myndlistar, hönnunar, tísku og matvæla auk fyrirlestra og málstofa. Sérstök áhersla var lögð á málefni barna og ungs fólks, jafnrétti kynjanna og sjálfbærni frá norrænu sjónarhorni en meðal þátttakenda voru rithöfundarnir Sjón og Þórarinn Eldjárn, Reykjavíkurdætur, Víkingur Ólafsson, Kammerkór Suðurlands, Birgitta Sif og Bjargey Ólafsdóttir, Íslenski dansflokkurinn og tónskáldin Daníel Bjarnason og Anna Þorvaldsdóttir.



## Samningur um rekstur Snorrastofu

Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu, Björn Bjarnason, formaður stjórnar hennar, og Kristján Þór Júlíusson mennta- og menningarmálaráðherra undirrituðu í nóvember samning um rekstur Snorrastofu til næstu þriggja ára. Í samningnum er kveðið á um að Snorrastofa gangist fyrir og styðji rannsóknir í Reykholti og kynningu á sögu Snorra Sturlusonar og staðarins með skírskotun til arfsins frá Snorra.

# Ýmis verkefni

## Dagur íslenskrar tungu

Vigdís Grímsdóttir hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu 2017. Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra veitti verðlaunin við hátíðlega athöfn í menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Þá veitti ráðherra Gunnari Helgasyni sérstaka viðurkenningu fyrir stuðning við Íslenska tungu. Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar eru veitt einstaklingum sem hafa með sérstökum hætti unnið íslenskri tungu gagn í ræðu eða riti, með skáldskap, fræðistörfum eða kennslu og stuðlað að eflingu hennar, framgangi eða miðlun til nýrrar kynslóðar. Ráðgjafarnefnd Dags íslenskrar tungu gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um verðlaunahafa og rökstyður val sitt. Í ráðgjafarnefnd um Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar sátu að þessu sinni Baldur Hafstað, prófessor emerítus sem var formaður nefndarinnar, Guðrún Ingólfsdóttir íslenskufræðingur og Dagur Hjartarson kennari og rithöfundur. Verðlaunahafi fær í verðlaun 700 þúsund kr., Íslensku teiknibókina og skrautritað verðlaunaskjal.



## 5000 nemendur í 6. bekk fá afhentar nýjar Microbit smátölvur

Mennta- og menningarmálaráðherra og framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins afhentu fyrstu Microbit smátölvurnar til nemenda í 6. bekk Hólabrekkuskóla og Austurbæjarskóla í nóvember en tölvurnar eru notaðar til að kenna forritun. Þetta er annað árið







sem Microbit smátölvunum er dreift til nemenda og að þessu sinni fá allir 6. bekkingar í grunnskólum landsins tölvur eða hátt í 5.000 nemendur. Microbit er verkefni sem hleypt var af stokkunum haustið 2016 af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Samtökum iðnaðarins, Menntamálastofnun, KrakkaRÚV og fjölda fyrirtækja á Íslandi. Markmið verkefnisins er að efla þekkingu og áhuga ungs fólks á Íslandi á forritun og tækni, enda ljóst að á næstu árum verður þekking á forritun og tækni forsenda flestra starfa hér á landi eins og annars staðar. Í tengslum við verkefnið verður áfram efnt til forritunarleikanna, Kóðinn 1.0, sem er hýst á vefsvæði RÚV þar sem nemendur geta glímt við vikulegar áskoranir, sent inn lausnir og sótt fræðslufni.

### Smáþjóðaleikarnir í San Marino

Mennta og menningarmálaráðherra var viðstaddur opunarhátíð og fyrstu daga Smáþjóðaleikana í San Marínó. Fyrstu leikarnir fóru fram í San Marino fyrir 32 árum og voru þetta því sautjándu leikarnir. Opunarhátíðin var einkar glæsileg og fánaberi íslenska hópsins var Þormóður Árni Jónsson. Alls tóku um 140 keppendur

þátt fyrir Íslands hönd á leikunum. Kristján Þór Júlíusson tók einnig þátt í ráðherrafundi þar sem meðal annars var rætt um íþróttir í löndunum út frá efnahags- og umhverfislegum þáttum og sjálfbærni. Á fundinum sátu auk þess forsetar viðkomandi Ólympíunefnda.

### Fyrstu Réttindaskólar á Íslandi hlutu viðurkenningu UNICEF

Flataskóli og Laugarnesskóli hlutu viðurkenningu UNICEF sem Réttindaskólar á alþjóðlegum degi barna og afmælis Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. UNICEF hlaut styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að þróa verkefnið. Auk skólanna tveggja hlutu frístundaheimilin Krakkakot og Laugarsel einnig viðurkenningu sem Réttindafrístund. Skólarnir þurfa að uppfylla fimm forsendur Réttindaskóla UNICEF, sem byggja á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. UNICEF á Íslandi heldur utan um innleiðingu Réttindaskólans og hefur þegar verið opnað fyrir umsóknir frá nýjum skólum sem vilja taka þátt á heimasíðu UNICEF á Íslandi. Rannsóknir á áhrifum Réttindaskóla erlendis, hafa sýnt fram á jákvæðar breytingar á skólabrag, börn urðu betri í að standa vörð um eigin réttindi og vellíðan þeirra jókst.

### 30 afmæli ERASMUS+

Erasmus+ mennta-, æskulýðs- og íþróttáætlun ESB fagnaði 30 ára afmæli árið 2017. Af því tilefni fór fram hátíðardagskrá í Hörpu þar sem veittar voru gæðaviðurkenningar Erasmus+ í



sex flokkum, auk sérstakrar viðurkenningar á sviði tungumálanáms og kennslu og heiðursverðlauna. Á hátíðinni veitti Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, Evrópumerkið, sérstaka viðurkenningu á sviði tungumálanáms og kennslu. Evrópumerkið hlaut Borgarbókasafnið fyrir verkefnið Menningarmót – Fljúgandi teppi en það miðar að því að virkja nemendur og varpa ljósi á styrkleika, fjölbreytta tungumálaþekkingu og menningu þeirra. Kristín R. Vilhjálmsdóttir verkefnisstjóri Menningarmóts og Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður tóku á móti viðurkenningunni. Þá veitti

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, LungA – Listahátíð ungs fólks á Austurlandi, heiðursviðurkenningu.

Á afmælishátíðinni voru jafnframt veittar gæðaviðurkenningar Erasmus+ fyrir framúrskarandi Evrópuverkefni og hlutu sex verkefni, sem hafa verið styrkt af áætluninni, viðurkenningarnar í ár. Skólarnir og stofnanirnar sem hlutu viðurkenningar eru Listaháskóli Íslands, Skólaþjónusta Árborgar, Tækniskólinn, EVRIS, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Leikskólinn Holt.


Erasmus+, mennta- og æskulýðsáætlun ESB, er stærsta mennta- og æskulýðsáætlun heims. Rannís hýsir Landskrifstofu Erasmus+ á Íslandi og úthlutar árlega tæplega 1.000 milljónum króna til fjölbreyttra mennta- og æskulýðsverkefna. Hátt í 30.000 íslenskir þátttakendur hafa tekið þátt frá upphafi. 6.600 Íslendingar hafa farið utan í skiptinám við evrópska háskóla, 9.900 Íslendingar hafa tekið þátt í æskulýðssamstarfi, 2.200 íslenskir starfsnámsnemar hafa notið stuðnings til náms og starfsþjálfunar í Evrópu og um 8.400 íslenskir starfsmenn í mennta- og æskulýðsgeiranum hafa farið í heimsóknir til Evrópu.

### 135 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands

Starfsfólk Þjóðskjalasafns Íslands fagnaði 135 ára afmæli safnsins í apríl. Stofnun Þjóðskjalasafns Íslands miðast við auglýsingu landshöfðingja um starfrækslu landsskjalasafns þann 3. apríl 1882. Í upphafi varðveitti safnið skjöl helstu embætta sem komust fyrir á Dómkirkjuloftinu í Reykjavík. Nú er það til húsa í nokkrum byggingum að Laugavegi 162 og varðveitir um 44.000 hillumetra af pappírsskjölum. Þjóðskjalasafn rekur vefina [www.skjalasafn.is](http://www.skjalasafn.is), [www.manntal.is](http://www.manntal.is), [www.skjaladagur.is](http://www.skjaladagur.is), [www.einkaskjalasafn.is](http://www.einkaskjalasafn.is) og [www.landsnefndin.is](http://www.landsnefndin.is).

### Keilir er menntasproti ársins 2017

Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, var valinn menntasproti ársins 2017. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti menntaverðlaun atvinnulífsins á menntadegi atvinnulífsins sem haldinn var í fjórða sinn á Hilton Reykjavík Nordica. Keilir var stofnaður árið 2007 og starfar á Ásbrú í Reykjanesbæ á gamla varnarsvæði bandaríska hersins. Keilir er alhliða menntafyrirtæki í eigu háskóla, fyrirtækja og almennasamtaka. Á aðeins tíu árum hefur tekist að breyta yfirgefinni herstöð í þekkingarþorp. Keilir hefur lyft grettistaki, innleitt nýjar hugmyndir og kennsluhætti og lagt sig fram um að hlusta á þarfir atvinnulífsins og mennta starfsfólk sem eftirspurn er eftir þegar námi lýkur. Hlutfall háskólamenntaðra íbúa í Reykjanesbæ sem eru eldri en 25 ára hefur meira en tvöfaldast frá 2007 og 85% þeirra sem ljúka námi við Háskólabrú Keilis halda áfram í háskóla en margir þeirra hafa flosnað upp úr hefðbundnu háskólanámi.





## #églíka byltingin

Mikil vitundarvakning átti sér stað árið 2017 um kynbundið ofbeldi og áreitni undir myllumerkinu **#metoo** eða **#églíka**.

Konur í mörgum starfstéttum stigu fram, deildu sögum sínum og sendu frá sér yfirlýsingar. Meðal þeirra voru konur í menntageiranum sem kröfðust þess að skýrari verkferlar yrðu settir upp hjá menntastofnunum til að takast á við kynferðislega og kynbundna áreitni og að boðið yrði upp á fræðslu fyrir starfsfólk og stjórnendur um birtingarmyndir hennar. Í kjölfarið sendi mennta- og menningarmálaráðherra fyrirspurn til allra stofnana ráðuneytisins

þar sem beðið var um greinargerð með áformum um áhættumat og aðgerðaáætlun á því sviði. Stjórnendur voru hvattir til að fara yfir verkferla og gera áætlun um úrbætur fyrir starfsfólk og nemendur í skólum landsins. Þeir voru einnig beðnir um að koma því skýrt á framfæri að kynferðisleg og kynbundin áreitni, ofbeldi og mismunun sé og yrði ekki liðin og að stjórnendur myndu bregðast af festu við þeim málum sem upp kunnir að koma.


Konur í sviðslistum voru styrktar til að leita leiða til úrbóta vegna þess að þær eru gjarnan að vinna við sérstakar aðstæður. Konur í íþróttum komu einnig fram með #églíka-frásagnir og skipaði ráðherra starfshóp til að koma með tillögur um aðgerðir til úrbóta. Aðgerðir fyrir fleiri hópa sem fram hafa komið og tengjast mennta- og menningarmálaráðuneytinu, eins og konur í vísindum, verða samræmdar og miðaðar út frá samhæfðum tillögum og aðgerðum sem ráðuneytið skipuleggur í samstarfi við stýrihóp á vegum forsætisráðuneytisins sem hóf störf í ársbyrjun 2018.



# Starfsemi ráðuneytisins, starfsmannamál og fleira

## Útgjöld mennta- og menningarmálaráðueytis árið 2017, eftir málefnasviðum


■ Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	4.884
■ Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	12.216
■ Fjölmiðlun	3.955
■ Framhaldsskólastig	30.298
■ Háskólastig	41.361
■ Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála	5.250



Ráðuneytið deilir tveimur málefnasviðum með atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Hér eru aðeins birtar útgjaldatölur mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Skipting rekstrarkostnaðar 2017

■ Laun	776
■ Húsnæði	76
■ Aðkeypt þjónusta	62
■ Ferða- og fundakostnaður	44
■ Rekstrarkostnaður	5
■ Tilfærslur	18
■ Eignakaup	17




## Niðurstöður úr rekstri aðalskrifstofu


	2015	2016	2017
Laun	649	686	776
Húsnæði	70	71	76
Aðkeypt þjónusta	66	79	62
Ferða- og fundakostn.	62	61	44
Rekstrarkostnaður	6	6	5
Tilfærslur	32	25	18
Eignakaup	9	19	17
<b>Kostnaður samtals</b>	<b>894</b>	<b>947</b>	<b>998</b>
Sértekjur	3	19	15
Framlag ríkissjóðs	878	925	989
<b>Tekjur samtals</b>	<b>881</b>	<b>944</b>	<b>1.004</b>
Mismunur	-13	-3	6

Upphæðir í milljónum króna

## Þróun helstu kostnaðarliða fyrir utan laun



## Borgir sem ferðast er til og hversu oft árið 2017



## Fjöldi starfsfólks, meðalaldur og hlutfall háskólamenntaðra

	2015	2016	2017
Fjöldi starfsmanna	63	62	66
Konur	71%	69%	73%
Karlar	29%	31%	27%
Fjöldi stöðugilda	60,4	59,5	62,4
Meðalaldur	54 ár	54,9 ár	55,3 ár
Hlutfall háskólamenntaðra	79%	79%	79%



## Skjalasafnið í tölum 2013–2017

	2013	2014	2015	2016	2017
Ný mál á árinu	3.962	3.363	5.041	2.537	2.940
Ný skjöl á árinu	41.127	34.563	35.722	27.431	27.191
Fjöldi mála í vinnslu í árslok	2.789	1.854	2.485	2418	2.340
Heildarfj. mála í Málaskrá í árslok	100.064	103.652	109.057	111.396	114.107
Innkomin erindi á netfang ráðuneytisins	5.992	6.196	5.415	6.155	7.100
Beiðnir um aðgang að gögnum skv. upplýsingalögum	50	43	62	60	54

## Kvartanir og kærur 2013–2017

Málefni	2013	2014	2015	2016	2017
Kærur	4	5	16	2	7
Kvartanir til Umboðsmanns Alþingis	10	10	14	7	7
Kvartanir v. leikskóla	2	0	1	1	0
Kvartanir v. grunnskóla	9	11	8	1	12
Kvartanir v. framhaldsskóla	9	6	23	3	11
Kvartanir v. háskóla	5	5	0	0	2
Kvartanir v. námsstyrkjanefndar	5	1	1	1	1
<b>Kvartanir og kærur samtals</b>	<b>44</b>	<b>38</b>	<b>63</b>	<b>15</b>	<b>40</b>

# Helstu rit og skýrslur útgefnar á vegum ráðuneytisins

## Útgefin rit mennta- og menningarmálaráðuneytis 2017

### Rafræn rit 2017

Að viðhalda menningarerfðum: helstu stofnanir, frjáls félagasamtök, hópar og einstaklingar sem vinna með íslenskar menningarerfðir

Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga

Evaluation of the Implementation and Impact of

Erasmus+ in Iceland: Conducted for the Ministry of Education, Science and Culture

Framkvæmd stefnumótunar Æskulýðsráðs í æskulýðsmálum: tillögur um aðgerðir

Máltækni fyrir Íslensku 2018–2022: verkáætlun

Mennta- og menningarmálaráðuneyti: ársrit 2016

Menntun fyrir alla á Íslandi: úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á

Íslandi: Education for all in Iceland: external Audit of the Icelandic System for Inclusive Education

Menntun fyrir alla á Íslandi: úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á

Íslandi: Education for all in Iceland: external audit of the Icelandic system for inclusive education: samantekt um helstu atriði lokaskýrslunnar prent og vef

Skýrsla starfshóps um bókmenningarstefnu 2017

Skýrsla starfshóps um stöðu og framtíð menntunar á sviði máltækni: unnin fyrir stýrihóp íslenskrar máltækni

Stefna og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017–2019

Uppbygging rannsóknarinnviða á Íslandi til framtíðar: skýrsla verkefnahóps Vísinda- og tækniráðs um rannsóknarinnviði og vöktun: apríl 2017

Varðveisla menningararfleiðar á stafrænu formi: staða hjá söfnum og menningarstofnunum landsins

Vöktun á Íslandi: kortlagning og framtíðarsýn: skýrsla verkefnahóps Vísinda- og tækniráðs um rannsóknarinnviði og vöktun: apríl 2017

### Prentuð rit (eru einnig birt rafrænt)

Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga

Framkvæmd stefnumótunar Æskulýðsráðs í æskulýðsmálum: tillögur um aðgerðir

Framkvæmd stefnumótunar Æskulýðsráðs í æskulýðsmálum, Policy on Youthwork 2014 – 2018

Máltækni fyrir Íslensku 2018–2022: verkáætlun

Mennta- og menningarmálaráðuneyti: ársrit 2016

Menntun fyrir alla á Íslandi: úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á

Íslandi: Education for all in Iceland: external Audit of the Icelandic System for Inclusive Education

**MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI**  
**ÁRSRIT 2017**



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ